

## Áætlun Íbúðalánasjóðs 2009 (um útlán, greiðslur og útgáfu íbúðabréfa)

Áætluð útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs árið 2009 til fjármögnunar nýrra útlána er 36 – 44 milljarðar króna.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði á bilinu 49 – 57 milljarðar króna á árinu 2009, sem er nokkur lækkun frá áætlunum ársins 2008. Þar af er gert ráð fyrir að leiguíbúðalán verði á bilinu 14 – 16 milljarðar króna.

Þann 27. nóvember s.l. undirritaði félags- og tryggingamálaráðherra reglugerð um heimild Íbúðalánasjóðs til að yfirtaka íbúðaveðlán fjármálafyrirtækja. Reglugerðin var sett með stöð í nýju ákvæði í lögum um húsnæðismál sem samþykkt var á Alþingi 6. október síðastliðinn vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Reglugerðin gerir ráð fyrir því að sé greitt fyrir íbúðaveðlánin með afhendingu íbúðabréfa, að jafnaði. Íbúðalánasjóður tekur hins vegar ekki tillit til hugsanlegra kaupa íbúðaveðlána í þessum áætlunum, og þar með afhendingu íbúðabréfa í tengslum við kaupin, þar sem umfang slíkra kaupa er enn nokkuð óljóst. Þegar þau mál skýrast, mun það leiða til endurskoðunar á þessari áætlun.

### Útboð íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2009	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2009
Útgáfa Íbúðabréfa	8 - 10	9 - 11	10 - 12	9 - 11	36 - 44
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	11 - 13	12 - 14	13 - 15	13 - 15	49 - 57

Tölur eru í milljörðum ISK.

Töluverð óvissa ríkir um útlána- og útgáfuáætlanir í ljósi breyttra aðstæðna á fjármála- og fasteignamarkaði. Nákvæmar tölur um áætluð útlán og útgáfu íbúðabréfa er því ekki hægt að gefa upp. Þannig geta einstaka tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Íbúðalánasjóður áætlar að greiða lánadrottnum sínum á bilinu 59 - 67 milljarða króna árið 2009 og er stærstur hluti þeirra tilkominn vegna afborgana íbúðabréfa.

### Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2009	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2009
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	16 - 18	14 - 16	15 - 17	14 - 16	59 - 67

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur.